

1247. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 19. apríl 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Ævar Þór Magnússon varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Jennifer Schröder og Sigríður Lovísa Jónsdóttir.

Fjarverandi: Fríða Thoroddsen og Vala Ólöf Kristinsdóttir.

Næsti reglubundni fundur: 11. maí 2023

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, bauð fundarfólk velkomið og sagði að boðað hafi verið til þessa aukafundar stjórnar VR vegna stöðunnar innan Alþýðusambands Íslands og komandi þings sambandsins sem haldið verður dagana 27. og 28. apríl n.k.

Dagskrá.

1. Fundargerð 1246. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1246. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Þing ASÍ 27.-28. apríl 2023

Ragnar Þór fór yfir stöðuna innan ASÍ í upphafi fundar. Hann byrjaði á umræðu um augljósan kynjahalla í tilvonandi forystu sambandsins. Starfsgreinasambandið hafi valið sína frambjóðendur til miðstjórnar, fjóra karla og tvær konur, iðnaðarmenn myndu tefla fram körlum eingöngu og frá Sjómannasambandinu kæmi karl. LÍV væri eina landssambandið með jafna skiptingu kynja aðal- og varamanna í miðstjórn. Í fjölmiðlum hafi að auki komið fram að frambjóðendur til varaforseta stefni í að vera karlar eingöngu og iðnaðarmenn í framboði til forseta og 1. varaforseta. Hann sagði ljóst að Finnbjörn A. Hermannsson, fyrrverandi formaður Byggiðnar, myndi bjóða sig fram til forseta ASÍ

Hann sagði ásýndina ekki góða, ekkert samráð hafa verið haft við sig og ekkert samtal átt sér stað. Hann hafi hins vegar heyrt í Finnbirni í dag [19.04.2023] og lýst yfir áhyggjum af þessu.

Umræður

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.

